



**Leiðbeinandi tilmæli**  
**um reikningsskil váttryggingafélaga**

**nr. 4/2002**

**Ekki í gildi**  
Túlkun og framkvæmd á  
reglugerð 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga  
váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga

Gefin út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með  
fjármálastarfsemi

**12. apríl 2002**  
**[Breytt 15. febrúar 2005]**

## Inngangur

1. Reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga (hér eftir nefnd ársreikningareglugerðin) var sett til lögfestingar á tilskipun 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga. Sérstök reglugerð, nr. 612/1996, var sett til þess að lögfesta ákvæði tilskipunarinnar um líftryggingafélög. Í ljósi reynslu af tilskipuninni og reglugerðunum skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða reglugerðirnar og skilaði nefndin álit í lok nóvember 2001.
2. Reglugerð 613/1996 var breytt með reglugerð 956/2001, sem sett var í samræmi við tillögur fyrrgreindrar nefndar. Breytt var 10., 52. og 69. gr. ársreikningareglugerðarinnar. Ekki voru gerðar breytingar á reglugerð 612/1996. Í skýrslu um störf sín beindi nefndin auk þess tilmælum til váttryggingafélaga og til Fjármálaeftirlitsins (FME) um framkvæmd á reglugerðinni og um atriði sem nefndin taldi að ekki þyrfti að ákveða með reglugerð, en FME gæti gefið út túlkun eða leiðbeiningar um. Þau leiðbeinandi tilmæli sem hér liggja fyrir eru sett í framhaldi af greindri skýrslu.
3. Þessi leiðbeinandi tilmæli lúta eingöngu að gerð ársreiknings. Ekki er fjallað um álitamál sem varða beitingu ársreikningareglugerðarinnar við árshlutauppgjör.

## Varðandi 10. gr. Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri

4. Í 10. gr. ársreikningareglugerðarinnar er ákveðið á um að færa skuli fjárfestingartekjur á váttryggingarekstur. Færsla þessi er tilfærsla milli kafla í rekstrarreikningnum, en hefur ekki áhrif á hagnað félagsins. Hún hefur hins vegar þýðingu við að meta afkomu einstakra váttryggingagreina.
5. Með reglugerð 956/2001 kom ný 10. gr. í stað hinnar eldri í ársreikningareglugerðinni. Hin nýja 10. gr. er svohljóðandi:

### 10. gr.

Undir lið 2 *Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri* skal færa eðlilega ávöxtun í samræmi við fjárstreymi í váttryggingarekstrinum.

Í skýringum skal gera grein fyrir því hvernig fjárhæðin sem færð er undir þennan lið er ákvörðuð, hvernig höfuðstóll er metinn og hver sé fjárhæð hans, hvaða vaxtafótur er notaður og hvernig hann er ákvarðaður. Sé reikningsárinu skipt í styttri vaxtatímabil skal gerð grein fyrir því.

6. Gert er ráð fyrir að fjárfestingartekjurnar séu ákvarðaðar á grundvelli vaxtaútreiknings, en hvert váttryggingafélag fyrir sig ákvarði höfuðstól og vaxtafót þannig að þessi liður sýni eðlilega ávöxtun í samræmi við fjárstreymi í váttryggingarekstrinum.
7. Eðlilegt kann að vera að skipta árinu í styttri vaxtatímabil, t.d. ef verulegur váttryggingastofn er fluttur á ákveðnum tímamarki innan reikningsársins til félagsins eða frá því. Þessa aðferð má einnig nota ef váttryggingaskuld er svo

breytileg innan ársins að meðaltal af stöðu hennar í ársbyrjun og við árslok sé ekki eðlilegur höfuðstóll.

8. Sem vaxtafót má hvort sem er nota ytri viðmiðun, eins og kveðið var á um í ákvæðum eldri 10. gr., eða ávöxtun úr starfsemi félagsins. Ákvæði reglugerðar nr. 646/1995 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga kunna að takmarka ávöxtunarmöguleika, þannig að réttlæt看legt getur verið að nota vaxtafót sem er annar en meðalávöxtun félagsins.
9. Sem höfuðstól má nota meðaltal eigin váttryggingaskuldar á vaxtatímabilinu, eins og gert var ráð fyrir í eldri ákvæðum, nema sérstakt tilefni sé til að telja að váttryggingaskuldin gefi ekki rétta mynd af áætlaðri fjárbindingu með hliðsjón af fjárstreymi í váttryggingarekstrinum.
10. Reikna skal fjárfestingartekjurnar eftir váttryggingagreinum og sýna niðurstöðu hvers greinaflokks í yfirliti yfir greinaflokka váttrygginga, sbr. 77. og 78. gr. ársreikningareglugerðarinnar.
11. Í innra starfi félagsins er nauðsynlegt að skipta fjárfestingartekjum eftir váttryggingarárum innan hvernar váttryggingagreinar, þannig að félagið sjálft, og eftir atvikum Fjármálaeftirlitið, geti séð afkomu einstakra liðinna váttryggingarára. Slík yfirsýn er forsenda þess að unnt sé að meta hvernig iðgjöld fyrri ára hafi reynst.
12. Önnur leið –sem er nákvæmari– væri að setja upp sjóðstreymi með beinni aðferð og taka inn í það reiknaðar fjárfestingartekjur og e.t.v. hagnað. Aðferð við það hefur þó ekki verið mótuð.

### **Varðandi 12. gr. Kostnaður við tjónauppgjör**

13.
  - a) Kostnaður við uppgjör einstakra tjóna ber að færa á tjónakostnað frekar en rekstrarkostnað að því marki sem hægt er að rekja kostnaðinn til hins tiltekna tjóns.
  - b) Sé álag vegna innri kostnaðar reiknað á tjónaskuld ber að færa álagið á bókfærð tjón í ársreikningi þegar það losnar úr tjónaskuld. Með öðrum orðum skal taka tillit til sömu þátta í útreikningi innri kostnaðar vegna bókfærðra tjóna eins og gert er í útreikningi áætlaðs innri kostnaðar í tjónaskuld.
  - c) Í ársreikningi skal koma fram í skýringum hvernig bókfærð tjón skiptast á milli greiddra tjóna og umsýslukostnaðar (innri kostnaðar) tjóna.]<sup>1</sup>
14. Það sem lagt kann að hafa verið í tjónaskuld vegna uppgjörskostnaðar ætti því að færast yfir á bókfærð tjón með sama hætti og ytri kostnaður eftir því sem tjónagreiðslum vindur fram.

### **Varðandi 52. gr. Mat á tjónaskuld**

15. Með reglugerð 956/2001 var gerð sú breyting á 52. gr. ársreikningareglugerðarinnar, að tekið er fram að tjónaskuld skuli metin á verðlagi

<sup>1</sup> Breytt 15. febrúar 2005, frá og með reikningsárinu 2005

í lok reikningstímabilsins. Fyrsta málsgrein þeirrar greinar er svohljóðandi með áorðnum breytingum:

Tjónaskuldin skal ákvörðuð þannig að hún nægi til að mæta öllum greiðslum í framtíðinni vegna tjóna auk beins og óbeins kostnaðar sem á þau fellur. Óheimilt er að beita innbyggðri lækkun eða núvirtu mati tjónaskuldarinnar eða á annan hátt víkja frá því sem endanleg áætlun um fjárhæð hennar segir til um, sbr. þó 53. gr. Tjónaskuld skal metin á verðlagi í lok reikningstímabilsins. Til frádráttar skal koma varfærnislegt mat á þeim eignum og réttindum sem félagið hefur yfirtekið eða búist er við að það muni öðlast yfirráð yfir vegna tjónanna. Sé um verulegar fjárhæðir að ræða, skal gera grein fyrir þeim í skýringum.

(Undirstrikunin er til áherslu hér).

16. Í skýrslu um starf nefndar til endurskoðunar á reglugerðum um ársreikninga váttryggingafélaga sagði:

Í 52. gr. ársreikningareglugerðarinnar segir m.a.:

Tjónaskuldin skal ákvörðuð þannig að hún nægi til að mæta öllum greiðslum í framtíðinni vegna tjóna og beins og óbeins kostnaðar sem á þau falla. Óheimilt er að beita innbyggðri lækkun eða núvirtu mati tjónaskuldarinnar eða á annan hátt víkja frá því sem endanleg áætlun um fjárhæð hennar segir til um, sbr. þó 53. gr. Taka skal tillit til allra þátta þar að lútandi, þar með talinn kostnað sem kann að taka breytingum þar til að greiðslu kemur.

### Ekki í gildi

Þegar reglugerðin var sett túlkaði Váttryggingaeftirlitið ákvæðið um “kostnað sem kann að taka breytingum þar til að greiðslu kemur“ þannig að það tæki líka til sértækra verðlagsbreytinga fram að greiðslu. Sá skilningur studdist m.a. við beint ákvæði í dönsku ársreikningareglugerðinni (gr. 52). Í samræmi við það sendi Váttryggingaeftirlitið dreifibréf til váttryggingafélaga hinn 27. febrúar 1997 þar sem gerð var grein fyrir þessum skilningi.

Nefndin telur að ekki eigi að gera ráð fyrir því að verðbólga í framtíðinni komi inn í framangreinda kostnaðarreikninga og telur eðlilegt að breyta ársreikningareglugerðinni þessu til áréttingar.

17. Tjónaskuld á ekki að innihalda verðbólguálag. Það verðbólguálag sem kann að hafa verið reiknað í tjónaskuld vegna tjóna sem urðu fyrir árið 2001 má standa þar áfram, en skal þó fært út úr tjónaskuld í hlutfalli við lækkun annarra liða tjónaskuldar vegna viðkomandi ára.

### Varðandi 54. gr. Útjöfnunarskuld

18. Í 54. gr. ársreikningareglugerðarinnar segir m.a. (sleppt er 3. og 4. mgr. greinarinnar):

#### 54. gr.

Útjöfnunarskuldin svarar til þeirrar fjárhæðar sem lögð er til hliðar til að mæta sveiflum í tjónareynslu félagsins frá ári til árs svo og vegna óvissu um endanlegar bótafjárhæðir samanborið við mat þeirra við ákvörðun tjónaskuldarinnar hverju sinni.

Útjöfnunarskuldin skal reiknuð út frá tjónareynslu félagsins yfir lengra tímabil í einstökum greinum eða greinaflokkum váttrygginga hjá félaginu og samkvæmt fyrirfram ákveðnum almennum tölfræðilegum aðferðum.

19. Önnur málsgrein þessarar greinar leggur á hvert það váttryggingafélag sem hyggst leggja í útjöfnunarskuld, þá skyldu að leggja sjálfstætt mat á sveiflur í tjónareynslu sinni frá ári til árs. Þau váttryggingafélög sem ekki hafa gert það geta ekki lagt í útjöfnunarskuld. Reglur nr. 85/1999 um hámark útjöfnunarskuldar váttryggingafélaga annarra en lífttryggingafélaga og um útreikning þess koma ekki í stað reglna sem hverju félagi ber að setja sér áður en það leggur í útjöfnunarskuld.
20. Váttryggingafélögum er því óheimilt að færa útjöfnunarskuld nema þau hafi sett sér reglur um útjöfnunarskuldina eins og gert er ráð fyrir í fyrrnefndum reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 85/1999.
21. Þeim váttryggingafélögum sem lagt hafa í útjöfnunarskuld án þess að setja sér reglur af þeirri gerð sem gert er ráð fyrir er því óheimilt að hækka útjöfnunarskuldina.

12. apríl 2002

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Ekki í gildi

Páll Gunnar Pálsson

Helgi Þórsson